Samþykkt þann
12 DEC 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
f.h. Jón Sigurðsson




**BYGGINGARLÝSING:**

Breytingar á einbýlishúsi frá 1987 á lóðinni Mávahraun 7,Hfj

**Hlutverk:** Íbúðarhús / einbýli.

**Breytingar:**
Áður samþykktur, en óbyggður bílskúr verður stækkaður til suðurs og austurs. Viðbygging til vesturs verður byggð ofan á áður samþykkta stækkun neðanjarðar, allt að 3 metrum frá lóðamörkum. Áður samþykktur veggur 0,3 metri frá lóðamörkum og 3,2 metrar á hæð verður lækkaður um 1,75 metra, úr kóta k:+27,25, í kóta k:+25,5. Sorpskýli verður byggt í tengslum við vegginn við götu. Viðbyggingin mun hýsa bakinngang, þvottahús og tröppur niður á neðri hæð. Viðbyggingar verða gerðar úr steinsteypu og í stíl við núverandi hús (hvítmáluð pússning).

**Lýsing:**
Byggingin er á tveimur hæðum;
Aðkoma ásamt eldhúsi, borðstofu, stofu, snyrtingu, baði og svefnherbergjum eru á efri-/götuhæð.
Þvottah., vinnuherbergi, sjónvarpsherbergi og geymsla eru á neðri hæð.
- Byggingin stendur á steyptum sökkli. Undirstöður og botnplata eru staðsteyptar á þjappaðri fyllingu.
- Byggingin er úr járnbentri steinsteypu, einangruð að innan og pússað. Ytra útlit er pússaðir veggfletir og málaðir í ljósum lit.
- Burðarvirki er berandi út- og innveggir og súlur.
- Þak er steypt plata, "flatt". Ofan á plötuna kemur 200mm einangrun, þakdúkur (sarnafil) og malarfarg.
- Gluggar og hurðir eru ísteyptir úr tré. Gler í gluggum er tvöfalt einangrunargler.
- Klæðning innanhúss er min. í Fl.2.
- Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum, sjá grunnmyndir (GNF).
- Inntak veitna; hita, neysluvatns og rafmagns verður í inntaksklefa/geymslu í kjallara.
- Sorpgeymsla verður á lóðinni vestanverðri við götu.
- Frágangur lands á lóðamörkum verði gerður skv. gr. 2.6. í skipulags- og byggingarskilmálum í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

**Loftræstimál:**
Öll rými sem ekki hafa opnanleg gluggafög eru vélrænt loftræst, sjá grunnmyndir (Lr).

**Einangrun:**
Botnplata er einangruð með 75 mm einangrunarplasti, veggir sökkla eru einangraðir 500 mm niður fyrir plötu með 75 mm einangunarplasti.
Útveggir eru einangraðir með 100 mm plasteinangrunarplötum.
Þak er einangrað með 200 mm frauðeinangrun ofan á steypta plötu.
Í gluggum er tvöfalt einangrunagler, 12mm loftrúm í föstum gluggum en 9 mm loftrúm í opnanlegum gluggafögum og hurðum.Uppfylla skal ÍST-66 varðandi kólnunartölur og einangrun einstakra byggingarhluta.

**Eldvarnir:**
Reykskynjarar á hvorri hæð hússins. Allar klæðningar verða minnst í flokki 2.
Handslökkvitæki verða sett upp í samráði við Eldvarnareftirlitið.
Opið eldstæði skal uppfylla ákv. 192.gr. byggingarreglugerðar.

**Hljóðvist:**
Milli íbúðar og rýma utan íbúðar: 55 dB.

**Stærðir:**

| | |
|---|---|
| Lóð: | 1455,00 m2 |
| Brúttóflötur | |
| Fyrir Breytingu: | 260,9 m2 |
| Stækkun: | 153,4 m2 |
| Eftir Breytingu: | 414,3 m2 |
| Rúmfang án botnplötu | |
| Fyrir Breytingu: | 915,2 m3 |
| Stækkun: | 441,4 m3 |
| Eftir Breytingu: | 1356,6 m3 |

nýt.hlf. 414 / 1455 = 0,284

**Bílastæði:**

| | |
|---|---|
| Bílastæði á lóð: | 3 stæði |

minnkaði stækkun (6,00 m milli Nr.9 og 7) hg 22/10/07 — F

súla og skjólveggur fært (frá lóðamörkum) í upprunalegt horf. (eins og húsið er byggt) hg 26/03/07 — E

ný stækkun fyrir nýrjan eiganda 19/01/07 — D

lóðarstærð, glerþaki sleppt 23/06/06 — C

stærðum á lóð, viðbygg. og bílskur 23/05/06 — B

stærðum á lóð, viðbygg. og bílskur 08/11/05 — A

breyting.

NORÐUR

# MÁVAHRAUN 7

teikning

verknúmer
mkv
dags

**pk - arkitektar**
LYNGHÁLS 4
REYKJAVÍK 110
5518050 SÍMI
5518077 FAX
palmar@pk.is
pálmar kristmundsson arkitekt
0804555269
www.pk.is

A 100-F

teikning nr.

útgáfa